

Yfirlýsing ríkisstjórnar

í tengslum við gerð kjarasamninga við aðildarfélög BSRB 9. mars 2020

Í tengslum við gerð kjarasamninga milli ríkis og sveitarfélaga annars vegar og tiltekinna aðildarfélaga BSRB hins vegar lýsir ríkisstjórnin því yfir að hún muni, með vísan til áherslna sem fram komu við kjarasamningsgerðina, setja af stað vinnu við eftirtalin verkefni:

1. Heildarendurskoðun á stuðningi við barnafjölskyldur

Heildarendurskoðun á opinberum stuðningskerfum við barnafjölskyldur á Íslandi undir forystu fjármála- og efnahagsráðuneytisins þar sem unnin verði greining á stuðningi við barnafjölskyldur með sérstakri áherslu á barnabótakerfið. Endurskoðunin skal fara fram í samráði við forsætisráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og samtök launafólks með það að markmiði að meta kosti núverandi kerfis og greina valkosti við kerfisbreytingar með tilliti til tekjutenginga, aldurs barna og virkni kerfisins fyrir barnafjölskyldur. Þá verði litið til stuðnings við börn yngri en 18 ára t.d. í gegnum leikskóla- og grunnskólakerfið, frístundaheimili, tómsundur, fæðingarorlof, barnalífeyri, húsnæðisbætur og skattkerfið. Þessi greining liggja fyrir eigi síðar en 15. janúar 2021.

2. Endurmat á störfum kvenna

Forsætisráðherra skipar fyrir lok maí 2020 starfshóp með fulltrúum forsætisráðuneytis, fjármála- og efnahagsráðuneytis, félagsmálaráðuneytis, samtaka launafólks og samtaka atvinnurekenda, sem falið verði að leggja fram tillögur að aðgerðum til að útrýma launamun sem stafar af kynskiptum vinnumarkaði. Þær aðgerðir skulu hafa að leiðarljósi að leiðrétta kerfisbundið vanmat á störfum þar sem konur eru í meirihluta. Starfshópurinn skal skila tillögum fyrir lok árs 2021.

Reykjavík, 13. mars 2020